

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur nr. 3	Dagsetning:	3. nóvember 2020	Tími: 12:00 – 13:00
Fundarstaður:	TEAMS		
Fundarstjóri:	MH		
Ritari:	ÁB		
Á fundinn mættu:	Árni Bragason (ÁB), Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfðánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 8. október 2020

### 1. Fundargerð 8. október 2020

Fundargerð fundar stjórnar þann 8. október 2020 samþykkt.

### 2. Beiðni FFR um samantekt á framkvæmd viðbótarlauna

Þann 14. og 21. október 2020 sendi DH erindi til kjara- og mannauðssýslu ríkisins (KMR) og óskaði eftir samantekt á framkvæmd viðbótarlauna skv. 7. gr. reglna nr. 491/2019. Nánar tiltekið var óskað eftir upplýsingum um:

1. Hversu margar umsóknir forstöðumanna hafa borist um viðbótarlaun.
2. Á hvaða forsendum umsóknir byggja.
3. Hvaða ráðuneyti er um að ræða.
4. Niðurstaða í málum vegna umsókna um viðbótarlaun.

Ástæða fyrir beiðni FFR er:

Allnokkrir félagsmenn hafa sett sig í samband við félagið vegna annars vegar óánægju með afgreiðslu síns ráðuneytis á beiðni um viðbótarlaun og hins vegar upphæðar viðbótarlauna í þeim tilvikum sem fallist hefur verið á slíka beiðni. Að mati stjórnar er bagalegt að félagið viti ekkert um stöðuna á framkvæmd viðbótarlauna. Mikilvægt er fyrir félagið að hafa upplýsingar um heildarmyndina m.a. í ljósi þess að þróa þetta fyrirkomulag. Til þess þarf að liggja fyrir hvort að kerfið sé gott og hvort það virki. Félagið á að standa vörð um hagsmuni félagsmanna og ætti að vera próaktíf og vera með upplýsingar um framkvæmdina. Eitt er að fallast á umsóknir um viðbótarlaun, annað að það er fallist á lítinn hluta þess sem umsóknin lýtur að. Félagið þarf að hafa yfirsýn, það er hlutverk þess.

Stjórn vill helst sjá að það sé rúttina að þessar upplýsingar um framkvæmd viðbótarlauna berist félaginu árlega.

Í framhaldi af framangreindri beiðni óskaði KMR um að erindi FFR yrði rætt á samstarfsfundum FFR og KMR þann 10. nóvember 2020.

### 3. Fyrirhuguð könnun FFR

Ákveðið að gera stutta SurveyMonkey könnun meðal félagsmanna um starfsumhverfi, meðal annars m.t.t. starfsöryggis. Hugmyndir að spurningum ræddar, t.d. varðandi starfsviðtöl og endurskipun í embætti sem kunnugt er að gerist með mismunandi hætti milli embætta. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu gagnast inn í greiningu ráðgjafans.

KS gerir lokadrög að spurningum.

### 4. Erindi frá Premis

Premis óskaði eftir aðgangi að forstöðumönnum í gegnum félagið til að kynna þjónustu sem fyrirtækið býður upp á. Að mati stjórnar er FFR ekki rétti vettvangurinn til að koma hugmyndum Premis á framfæri. DH svarar erindinu.

### 5. Heimasíða FFR. Aðgangsmál

Áður hefur verið rætt um hvort að heimasíða FFR ætti að vera aðgangsstýrð með einhverju móti. Útgangspunkturinn hlýtur að vera með hvaða hætti félagið geti best þjónað hagsmunum félagsmanna. Umræður leiddu til umfjöllunar um *Workplace*:

Reynsla stjórnarmanna sem þekkja *Workplace* er jákvæð, þar er mikil gagnvirkni og meiri samskipti manna á milli. Hægt væri að setja inn efni sem einungis ætti við um forstöðumenn. Sem dæmi má taka Skólameistarafélag Íslands sem er virkt félag. Þar nota félagsmenn *Workplace* og á þeim vettvangi fara fram mjög virkar umræður. Hafa umræður aukist mjög mikið eftir að félagið tók upp *Workplace*. Um er að ræða lokaða síðu, hægt að setja inn ýmsar upplýsingar og skrár t.d. um viðkvæm málefni. Hægt er að stofna undirhópa og stýra öllum aðgangi. Aðgangur að *Facebook* er ekki skilyrði fyrir aðgangi að *Workplace*. Gæta þarf þó að því að þvæla ekki forstöðumönnum í eitthvað sem hentar ekki

Stjórn ákveður að tilefni sé til að skoða þetta áfram. DH byrjar á því að skoða fyrirbærið og setur sig í samband við starfsmann Skólameistarafélags Íslands.

### 6. Önnur mál

- a. Heimsókn forstöðumanna til Umhverfisstofnunar frestað.
- b. Staðan á vinnu ráðgjafa um greiningu/samanburð á starfskjörum forstöðumanna. Bíður eftir upplýsingum frá KMR.
- c. Fyrirspurn FFR til KMR um greiðslu við starfslok. Bíðum svara.
- d. Umsókn FFR um styrk úr Starfsmenntunarsjóði embættismanna vegna fjölmiðlanámskeiðs var samþykkt.
- e. Fundur MH og DH með stjórn Starfsmenntunarsjóðs embættismanna. FFR hefur óskað eftir upplýsingum/yfirliti frá stjórn sjóðsins um greiðslur sem ekki hefur enn borist. Beiðnin ítrekuð á fundinum. Jafnframt tók stjórn starfsmenntunarsjóðs vel í að endurskoða reglur og skipulag sjóðsins. Umræður í gangi um þróun í þessum málum og þeim verður haldið áfram á frekari fundum. Á fundi FFR voru umræður almennt um úthlutunarreglur starfsmenntunarsjóða. Ætti fulltrúi félagsins að vera í stjórn? DH

tekur saman upplýsingar um hvernig stjórnir starfsmenntunarsjóða stéttarféлага eru skipaðar?

- f. Endurmenntun forstöðumanna. Réttur til námsleyfis. Hvernig standa þau mál? Umræður. Dæmi um að stjórnarmenn hafi sótt um endurmenntun en ekki fengið svar. Hvernig farvegur á þetta að vera? Er þetta mál hvers og eins forstöðumanns? Og þeir redda staðgengli? Varðar sí- og endurmenntun/kaup og kjör. Á þetta að vera námskeið, eða nám sem á að vera styrkt af þínum sjóði? Umræður.
- g. Hámarksaldur ríkisstarfsmanna. Umræður.